

Stýrihópur um heildstæða orkustefnu
b.t. Helgu Barðadóttur
Iðnaðarráðuneyti
Arnarhvoli

Reykjavík, 17.02.2011
Tilvísun vor: 98.16

150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn Landsvirkjunar um drög að heildstæðri orkustefnu fyrir Ísland

Vísað er til fréttatilkynningar, dags. 13. janúar sl., þar sem birt eru drög að heildstæðri orkustefnu fyrir Ísland og áhugasömum jafnframt gefinn kostur á að koma með athugasemdir. Hér á eftir fara athugasemdir Landsvirkjunar.

1. Almenn

Margt gott er að finna í þeim drögum að orkustefnu, sem nú hafa verið kynnt til umsagnar, en drögin endurspeгла jafnframt að orkumálin eru flókin og frekari umræðu er þörf áður en stjórnvöld setja niður heildstæða stefnu í orkumálum. Þetta á til dæmis við þætti á borð við eignarhald í orkuframleiðslu (þ.e. tekið sé með beinum hætti á því hvernig haga eigi aðkomu innlendra og erlendra einkaaðila að orkuframleiðslu), hver sé sýn stjórnvalda varðandi samspil virkjunarkosta, náttúruverndar og samfélagslegs og þjóðhagslegs ábata (á borð við atvinnuuppbyggingu) og ekki síst, hvaða aðilar eigi að njóta arðs af orkuframleiðslunni og hvernig.

Þegar stefna í orkumálum er mörkuð verður að hafa eftirfarandi atriði í huga:

1. *Eignarhald auðlinda er með ýmsum hætti.* Orkuauðlindirnar og nýtingarréttur á þeim eru ýmist í höndum ríkisins, sveitarfélaga eða landeigenda. Finna verður almennar leiðir til hagkvæms reksturs orkufyrirtækja og hvernig þau eiga öll að skila arði í þjóðarbúið, en ekki einblína á orkufyrirtæki í opinberri eigu.
2. *Sömu reglur gildi fyrir alla.* Samkeppni ríkir um orkuframleiðslu og keppa þar fyrirtæki í ríkiseigu (Landsvirkjun, Orkusalan og Orkubú Vestfjarða), í eigu sveitarfélaga (einkum Orkuveita Reykjavíkur) og í einkaeigu (HS Orka). Mikilvægt er að sama lagaumgjörð og skilyrði gildi um öll framleiðslufyrirtæki á markaði, burtséð frá eignarhaldi, og að ekki verði lögð íþyngjandi skilyrði á orkufyrirtæki í opinberri eigu umfram fyrirtæki í einkaeigu.

2. Arður – hagkvæm nýting orkuauðlinda

Íslenski markaðurinn er afar lítill í alþjóðlegum samanburði og í reynd ríkir fákeppni bæði í framleiðslu og sölu orku og einnig á kaupendahlíðinni. Arðsemin ræðst annars vegar af því sem stórnotendur greiða og rekstrarkostnaði orkufyrirtækjanna hins vegar. Taka verður tillit til þessa

umhverfis í allri stefnumótun og lagasetningu í orkumálum og samræmi verður að vera á milli krafna um arðsemi og þeirra skilyrða sem starfseminni eru sett.

Af hálfu Landsvirkjunar hefur verið bent á, að tímabært sé að hugað verði að því hvernig þjóðin fái notið arðs af orkuauðlindum og mótuð stefna um það hvernig það verði gert. Því er jákvætt að fjallað sé um þessi atriði í drögum að orkustefnu. Brýnt er að ákveða þessi atriði fyrirfram og í sátt. Orkustefnan mætti þó vera mun markvissari og skýrari í þessum efnum og fjalla betur um það hver eigi að njóta arðs af orkuauðlindum og í hvaða mæli; almenningur (hið opinbera), viðkomandi sveitarfélög þar sem orkuna er að finna, landeigendur, orkufyrirtæki eða notendur orkunnar.

Ein aðferð til að ráðstafa arði er svokölluð auðlindarenta (sbr. kafla 7.4). Vel mætti hugsa sér að ríkið velji frekar að fara skattlagningarleið án þess að fara auðlindarentuleiðina, sem um margt er flóknari leið. Því er lagt til að gerður verði ákveðinn fyrirvari við auðlindarentuna og öllu haldið opnu í þessum efnum.

Þá verður að skoða umfjöllun um áhættutöku vegna fjárfestinga í nýjum virkjunum í ljósi þess að fyrir Alþingi liggur frumvarp um breytingu á lögum nr. 42/1983 um Landsvirkjun, 188 mál. Verði frumvarpið að lögum er ábyrgð eiganda á nýjum lánnum fyrirtækisins háð samþykki fjármálaráðherra í hverju einstöku tilviki. Það er því ekki sjálfgefið að eigandi Landsvirkjunar, ríkið, taki á sig auknar ábyrgðir ef fyrrnefnt frumvarp verður samþykkt.

Loks virðist sú skoðun ríkjandi í drögum að orkustefnu að smærri kostir séu betri en hinir stærri, og í því sambandi hvatt til smávirkjana. Í því sambandi skal bent á að almennt er hagkvæmni tengd stærð. Enn fremur eru meiri líkur en minni að samsöfnuð umhverfisáhrif margra smávirkjana sem þarf til að jafna orkugetu miðlungsvirkjana sé meiri en einnar miðlungsvirkjunar.

3. Leiga á réttindum - styttri tími nýtingarleyfis

Gerðar eru alvarlegar athugasemdir við þá ráðagerð að takmarka tímalengd nýtingarleyfa á auðlindum við 25-30 ár, en það mun draga úr arðsemi raforkuframleiðslu. Virðast tillögurnar um tímalengdina vera settar fram vegna ósættis um aðkomu einkaaðila að orkuvinnslu frekar en arðsemi af nýtingu orkuauðlinda sé höfð að leiðarljósi. Svo mikil takmörkun á nýtingartíma veikir mjög samningsstöðu orkuframleiðenda.

Afskriftartími vatnsaflsvirkjana er um 40-60 ár, flutningsvirkja 40-50 ár og jarðavarmavirkjana 30-40 ár. Hingað til hefur þessi tími verið notaður þegar ákvörðun er tekin um virkjun og endurheimt fjárfestingarkostnaðar. Verði nýtingarleyfi veitt til 25-30 ára mun það eitt og sér hafa í för með sér hækkun orkuverðs.

Raunverulegur líftími t.d. vatnsaflsvirkjana er mun lengri en bókhaldslegur afskriftartími. Í dag eru í góðum rekstri hjá Landsvirkjun nokkrar virkjanir sem eru 45-74 ára og verða enn um marga áratugi. Skýra afstöðu þarf að taka til þess hvernig farið verður með virkjanir í lok leigutíma m.a. í þeim tilvikum sem handhafi virkjunarleyfis uppfyllir ekki skilyrðin.

Vegna eðlis orkuvinnslunnar, mikilla fjárfestinga, oft langra rafmagnssamninga, lágs rekstrarkostnaðar og mjög langs líftíma mannvirkja, er æskilegt að tímalengd nýtingarleyfis endurspegli þessa eðlisþætti raforkuvinnslunnar og verði ekki styttri en 40-50 ár.

Því mælir í raun allt gegn svo stuttum nýtingartíma. Auk þess má benda á að ein besta leiðin til að laða orkukaupendur til landsins er að bjóða upp á langtímasamninga þar sem verð er endurskoðað með tilliti til þróunar á raforkumörkuðum og yrði slík nálgun í góðu samræmi við markmið þau sem sett eru fram í stefnudrögum, að laða að fjölbreyttan hóp kaupenda sem væri tilbúinn að greiða hærra verð en nú er.

Landsvirkjun leggst því eindregið gegn áformum um svo stuttan nýtingartíma og leggur áherslu á að áður en teknar verða frekari ákvarðanir þar að lútandi verði gerð nákvæm úttekt á áhrifum þess.

Í kafla 7.4 er lagt til að orkuauðlindum sem eru beint eða óbeint á forræði ríkisins verði safnað saman og þær vistaðar í sérstökum sjóði eða stofnun. Hæpið er að taka eins sterkt til orða og hér er gert. Ef stofna ætti til sérstaks sjóðs eða sjálfstæðrar stofnunar væri eðlilegt að slíkur sjóður eða stofnun færi með allar auðlindir ríkisins, einnig t.d. auðlindir sjávar, en ekki einungis orkuauðlindirnar. Vel má koma orkuauðlindamálunum fyrir innan viðkomandi ráðuneyta, eða innan eins ráðuneytis eins og er í dag, án þess að stofna til sérstaks sjóðs eða stofnunar með öllum þeim kostnaði og umstangi sem slíku tilheyrir.

Loks eru gerðar athugasemdir við þær fyrirætlanir í kafla 7.4 að virkjunarkostir í nýtingarflokki verði rannsakaðir á kostnað eigenda (opinberra aðila). Ef opinberir aðilar ætla að kosta slíkar rannsóknir þurfa þeir að reiða fram fjárhæðir sem hlaupa á hundruðum milljóna króna fyrir meðalstóra virkjun, sem óvíst er að fáist endurgreiddur. Nær væri að opinberir aðilar efldu almennar rannsóknir á náttúrufari landsins en létu handhöfum rannsóknarleyfa eða virkjunarleyfa eftir hinar eiginlegu virkjunarrannsóknir.

4. Virkjunarkostir og kaupendur

Fram kemur í kafla 9 að eitt af markmiðum orkustefnu sé að styðja uppbyggingu fjölbreytts atvinnulífs á grundvelli orkuauðlinda þjóðarinnar. Á þessu vantar nánari útfærslu og hvernig standa eigi að þessu markmiði í núverandi laga- og rekstrarumhverfi.

Í 7. mgr. segir til dæmis: „Leiða má að því rök að núverandi form sölusamninga leiði til áframhaldandi fjárfestingar í tilteknum tegundum stóriðju, en að sama skapi ekki umhverfi fyrir stofnun og vöxt minni og hugsanlega meira nýskapandi fyrirtækja.“ Þessa fullyrðingu þyrfti að rökstyðja. Landsvirkjun er ekki kunnugt um að neitað hafi verið að selja mögulega kaupendum sem eftir því hafa leitað rafmagn. Hvernig kemur þetta heim og saman við markmið um að „Orkufyrirtæki í opinberri eigu taki ekki á sig aðra áhættu, fyrir hönd almennings, en þá sem með réttu tilheyrir eigin rekstri“?

Í markmiðum og leiðum eru fyrirmæli til orkufyrirtækja í opinberri eigu, að þau leitist við að dreifa markaðs- og gagnaðilaáhættu sinni, og taki ekki á sig aðra áhættu fyrir hönd almennings en þá sem með réttu tilheyrir eigin rekstri. Í sjálfu sér er ekkert við þessi markmið að athuga annað en það að þau ættu að eiga við um öll orkufyrirtæki sem starfa á markaði. Hér skal enn og

aftur lögð áhersla á að orkuvinnsla fer fram á samkeppnismarkaði og að hið opinbera tekur þátt í þeirri starfsemi á einkaréttarlegum grunni.

Aukin fjölbreytni í hópi viðskiptavina er eitt af markmiðum Landsvirkjunar, en val á viðskiptavinum er í höndum fyrirtækisins og vandséð að því sé hægt að stýra nema með almennri lagasetningu sem gildir fyrir öll orkufyrirtæki í landinu.

Hvað orkuframboð varðar er á hverjum tíma reynt að mæta þörfum stórra, meðalstórra og lítilla verkefna. Nú þegar getur kerfið mætt þörfum lítilla notenda. Ef kerfið er fullnýtt getur vissulega tekið nokkur ár að bregðast við nýjum þörfum og það á nánast undantekningalaust við ef orkuþörfin nemur nokkrum tugum MW. Uppsett afl í virkjunum er um 2.400 MW.

5. Eigendastefna

Lagt er til að ríkið móti sér eigendastefnu sem eigandi orkufyrirtækja. Því ber að fagna; setning slíkrar eigendastefnu er löngu tímabær, hvort sem er heildarstefna gagnvart öllum orkufyrirtækjum í ríkiseigu eða sérstök stefna varðandi hvert og eitt þeirra. Gert er ráð fyrir að tiltekin atriði séu vel skilgreind í slíkri eigendastefnu, það er jafnræðissjónarmið, gagnsæi og ásættanleg áhætta í rekstri (sbr. bls. 5-6 í drögum að Orkustefnu). Hvað tvö fyrstnefndu atriðin snertir ber að leggja áherslu á að ríkið er þátttakandi á samkeppnismarkaði orkuvinnslu og orkusölu. Afar brýnt er að ekki séu gerðar þær kröfur til slíkrar starfsemi í ríkiseigu, sem íþyngir henni umfram aðra sambærilega starfsemi og gerir samkeppnisstöðu hennar lakari. Nær væri að marka starfsemi orkufyrirtækja almennt ramma í gegnum lög og reglugerðir sem gilda fyrir þau öll, en eigendastefnan notuð til að setja fram skýra sýn eigandans og tilgang með eignarhaldinu. Þar ætti til dæmis að koma fram hvert sé hlutverk og ábyrgð eiganda, hver markmiðin eru með eignarhaldinu, til hvers sé ætlast af orkufyrirtækjum í ríkiseigu, hver sé framtíðarsýn eigandans hvað þau snertir og arðgreiðslustefna.

6. Orkunotkun

Í orkustefnu þarf að gera gleggri grein fyrir orkunotkun þjóðarinnar en gert er í drögunum. Þau líta meira til orkuvinnslunnar og auðlindanýtingar. Umfjöllun um gildi skilvirkrar og hagkvæmrar orkunotkunar til að draga úr orkunotkun, spara orku, er fremur lítil. Í drögunum er hún í stórum dráttum takmörkuð við olíusparnað og rafhitun. Markmiðið sem sett er fram í kafla 8.1, „*Orkusparnaður*“, á bls. 36 er „*Að draga úr orkusóun og orkukostnaði.*“ Þetta markmið þyrfti að endurskoða og setja skýrari stefnu.

Eðlilegt væri að hafa einn punkt um orkunotkun í 3. kafla skýrslunnar, um að orka sé notuð með skilvirkum hætti, stemmt sé stígu við sóun, að neytendur hafi greiðan aðgang að upplýsingum um orkuþörf frá framleiðendum og seljendum tækja og búnaðar sem og upplýsingum frá seljendum orku. Til greina kæmi að gera kröfu um að fyrirtæki sem selja orku hafi tiltækar upplýsingar fyrir almenning um orkunotkun sem og samanburðargögn. Orkureikningur sem almenningur fær almennt einu sinni á ári veitir takmarkaðar upplýsingar. Ekki er heldur hægt að líta framhjá því að lágt orkuverð leiðir til sóunar og hér þarf að fara bil beggja.

7. Virkari markaður

Skipan raforkumála hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum. Horfið hefur verið frá einskönar áætlunarbúskap þar sem einu fyrirtæki var falið að hafa ávallt tiltæka orku til að mæta

þörfum heimila og atvinnulífs, til markaðsbúskapar með samkeppni í orkuvinnslu og orkusölu. Raforkumarkaðurinn hér á landi er ekki þróaður. Lítil markaður fyrir umframgetu sem að jafnaði er fyrir hendi nema í lélegum vatnsárum eins og bent á í drögunum. Setja mætti fram stefnu um að koma á virkari markaði með rafmagn og benda á leiðir í því sambandi.

8. Afhendingaröryggi

Í drögunum er víða vikið að afhendingaröryggi. Á bls. 14 segir að markmiðið sé: „Að landsmenn búi við fullnægjandi afhendingaröryggi raforku, sem skilgreint verði á samræmdan hátt.“ Um leiðir sem fara á segir, m.a.: „Kröfur um lágmarks afhendingaröryggi raforku verði skilgreindar í lögum og/eða reglugerðum. ...“ Nauðsynlegt er að skilgreina hvað teljist „fullnægjandi afhendingaröryggi“ og meta kostnað því samfara, en ekki er ljóst hvort það hefur verið gert. Jafnframt er nauðsynlegt að skýra hvernig nefndin hugsar sér að skilgreina „lágmarks afhendingaröryggi“ í lögum og hvaða aðila yrði falið að tryggja þetta afhendingaröryggi, en enginn hefur það hlutverk í dag.

Umfjöllun um afhendingaröryggi jarðvarma lítur aðeins til jarðhitasvæðanna, ekki mannvirkjanna sem nýtt eru til að flytja vatnið og dreifa til notenda. Úr þessu þyrfti að bæta. Hitavatnsskortur hefur hugsanlega mun alvarlegri afleiðingar fyrir landsmenn en rafmagnsskortur.

9. Orkuverð - niðurgreiðslur

Fjalla þyrfti með beinni hætti um orkuverð, verðmyndun, niðurgreiðslur og millifærslur sem og gjöld og skatta á orku í stefnunni. Lýsa þarf stöðunni og hvert ætlunin sé að halda. Í drögunum er einkum fjallað um rafmagnsverð, en einnig þyrfti að fjalla um heitt vatn, flutning og dreifingu raforku og olíu. Í þessu sambandi má nefna að á bls. 29 í kafla 7.2, „*Arður af orkuauðlindum*“, segir að markmiðið sé: „Að verð útseldrar raforku færist nær því sem þekkist á meginlandsmörkuðum Evrópu. Að umtalsvert lægri verð en annars staðar þekkjast verði ekki bundin í samningum til langs tíma.“ Í sama kafla segir á bls. 28: „*Ef ákveðið yrði að greiða niður raforkuverð til almennra notenda þarf að lækka framlegð sem eftir stæði til annarrar ráðstöfunar sem því nemur. ...*“ Ekki kemur fram hvort nefndin telji æskilegt að verð til heimila, þjónustugreina, fiskiðnaðar, landbúnaðar, almenns iðnaðar og annarrar starfsemi sem fellur undir almenn not njóti niðurgreiðslna með þessum hætti, né hvort líklegt sé að slíkt leyfðist skv. samkeppnislögum. Hér þarf meiri umfjöllun og greiningu. Ekki er heldur tekin afstaða til þess hvort skynsamlegt sé að greiða rafmagn til hitunar niður með þeim hætti sem nú er gert eða nýta aðrar leiðir til jöfnunar. Þó er sett það markmið að „*lágmarka notkun orku til hitunar*“ og bent á varmadælu o.fl. auk orkusparnaðar í því sambandi.

Æskilegt væri að einhver stefna yrði mörkuð varðandi ráðgjöf bæði opinberra fyrirtækja og ráðgjafa við erlend ríki og fyrirtæki og hvort hið opinbera vill styðja slíka starfsemi með beinum hætti.

Áður en orkustefna er samþykkt þyrfti að liggja fyrir mat á áhrifum hennar á samfélagið, þ.m.t. byggða- og atvinnumál, efnahag og stjórnsýslu, einkum verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

10. Um forgangsröðun og úthlutun virkjunarkosta

Í upphafi kafla 4.1.1 segir: „Orkustefnan áskilur, að virkjunarkostum sé forgangsraðað með kerfisbundnum og faglegum hætti. Við þá forgangsröðun og við nýtingu auðlinda sé borin virðing fyrir náttúrunni og sérkennum landsins.“ Ekki er ljóst hvað vakir hér fyrir höfundum, hver eigi að annast þetta verkefni og hvaða viðmið eigi að hafa. Í vinnu rammaáætlunar er engin forgangsröðun heldur eru virkjunarkostir gróflega flokkaðir eftir hagkvæmni og líklegum umhverfisáhrifum. Í frumvarpi til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða, 77. mál, er gert ráð fyrir að virkjunarkostir á viðkomandi svæðum verði flokkaðir í nýtingarflokk, verndarflokk og biðflokk. Á nokkrum stöðum í stefnuskjalinu er talað um forgangsröðun og flokkun virkjunarkosta. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir röðun innan flokka og í orkustefnu ætti því eingöngu að tala um flokkun virkjunarkosta ekki forgangsröðun. Orkufyrirtækin munu sækjast eftir rannsóknarleyfum á virkjunarkostum í nýtingarflokki. Hvaða virkjun úr þessum flokki verður fyrir valinu er háð markaðsaðstæðum hverju sinni og ýmsum öðrum þáttum. Á það skal einnig bent að verndar- og nýtingaráætlunin verður endurskoðuð með vissra ára millibili og flokkunin tekur því breytingum. Sjá einnig gr. 6.3.

Í samræmi við framangreint er lagt til að heiti kafla 6.3 verði: „*Skipuleg flokkun virkjunarkosta*“. RÁ flokkar virkjunarkosti en forgangsraðar ekki innan flokkanna. Lagt er til að orðið „*forangsröðun*“ verði tekið út úr textum um markmið og leiðir bæði í þessum kafla og annars staðar í drögunum. Í þessu sambandi er og minnt á frumvarp iðnaðarráðherra um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða sem er til umfjöllunar á Alþingi.

Í 3. mgr. kafla 4.1.3 segir: „*Úthlutun virkjunarkosta (úr nýtingarflokki rammaáætlunar) þarf að vera gagnsæ og byggja á jafnræðisgrundvelli.*“ Hér hlýtur að vera á ferðinni misskilningur og átt við veitingu rannsóknar- og/eða nýtingarleyfa vegna virkjunarkosta í eigu ríkisins, þetta ætti þá einnig við rannsóknarleyfi vegna hugsanlegra virkjunarkosta í svokölluðum biðflokki rammaáætlunar eftir því sem við á.

11. Umhverfiskostnaður

Í kafla 6.2 er fjallað um umhverfiskostnað við mat og undirbúning verkefna. Bent skal á að rammaáætlun tekur mjög almennt á þessum þáttum við mat sitt á virkjunarkostum og svæðum.

Við undirbúning virkjana og mat á umhverfisáhrifum er reynt að leggja mat á þau verðmæti sem glatast. Í sumum tilvikum er hægt að bæta fyrir þau en í öðrum ekki. Dæmi um þetta er uppgræðsla í stað gróðurs sem tapast, styrking gróðurs, gerð fiskvega, seiðasleppingar, endurheimt votlendis o.fl. Fyrir aðra röskun er bætt með beinum greiðslum til þeirra er verða fyrir áhrifum virkjunar. Þetta er hluti af virkjunarkostnaði.

Landsvirkjun er ekki kunnugt um að raunverulegt tölulegt verðmætamat á náttúru virkjunarsvæða hafi verið gert hér á landi þó að tilraunir í þá átt hafi átt sér stað.

Hagrænt mat á umhverfiskostnaði verður að skýra betur og taka til ítarlegrar umræðu áður en það verður gert að hluta af skipulagsáætlunum. Hvaða reynsla er t.d. hér á landi af framkvæmd slíks mats? Nauðsynlegt að aðferðarfræðin verði reynd á nokkur verkefni áður en ákveðið verður að fara þessa leið og skrifaðar verða leiðbeiningar varðandi framkvæmd mats. Hugsanlegra væri skynsamlegra og skilvirkara að kosta til vandaðrar náttúruverndaráætlunar, þar sem mögulegt

yrði að flokka náttúruverðmæti á svipaðan hátt og gert var með orkukosti í RÁ, og taka þau sem hafa ótvírætt mikið náttúruverndargildi einfaldlega frá.

12. Flutningskerfi raforku

Í kafla 6.6. er fjallað um flutningskerfi raforku, en frá mjög þröngu sjónarhorni, þ.e.a.s. hönnun lína og staðsetningu. Hér vantar framtíðarsýn um hlutverk flutningskerfisins, sem lýsa má svona: Stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda landsins með samtengingu vinnslu- og markaðssvæða. Draga úr flutningstöpum. Fjarlægja flöskuhálsa í flutningskerfinu. Tryggja afhendingaröryggi. Stjórnvöld og sveitarfélög þurfa að móta sér stefnu og framtíðarsýn m.a. í skipulagsmálum sem stuðlar að þessum markmiðum.

13. Nýting úrgangs til orkuvinnslu

Sett er fram það markmið í kafla 8.5 að „Sorpi verði í sem mestum mæli eytt í lokuðum kerfum sem framleiða raforku og varma með lágmarks umhverfisáhrifum“ og í leiðum segir: „Til greina kemur að gera orkufyrirtækjum að kaupa raforku frá sorpeyðingu á föstu verði (e. feed-in tariff), til dæmis í hlutfalli við heildar raforkuframleiðslu þeirra.“ Varðandi þetta má spyrja margra spurninga, við ætlum þó að takmarka okkur við tvær. Í fyrsta lagi á hvaða forsendum er það byggt að best sé að framleiða raforku og varma til að lágmarka umhverfisáhrif úrgangs? Í öðru lagi má spyrja hvort nefndin telji að það samræmist mengunarbótareglunni að láta orkufyrirtækin kaupa rafmagn frá þeim á föstu verði í hlutfalli við raforkuvinnslu sína þó svo að ljóst sé að aðeins óverulegur hluti úrgangsins sé frá þeim komin?

14. Framsetning heildstæðrar orkustefnu

Loks skal fjallað um framsetningu orkustefnu. Fyrirheit stjórnvalda um heildstæða orkustefnu er þess eðlis að það kallar á tillögur sem eru vel rökstuddar, markmið og leiðir skýrar og ábyrgðaraðilar tilnefndir. Bæta þarf úr þessu almennt í framsetningu orkustefnunnar. Þá mætti uppbygging draganna vera skipulegri og betur skilið á milli stöðu og stefnu. Æskilegt væri að gera framarlega í stefnuskjalinum grein fyrir stöðu málaflokksins og forsendum sem stefnan byggir á, upphafsstöðu og hvert ætlunin er að fara, með fyllri hætti en gert er í drögunum. Bæta mætti úr þessu með því að bæta við kafla um forsendur. Í slíkum kafla væri t.d. gerð grein fyrir:

- orkuþörf, eða orkunotkun almennings og atvinnulífs;
- hvaða þættir hafa áhrif á orkuþörf;
- hvaða gildi orka hefur fyrir atvinnulíf og verðmætasköpun;
- hvernig orkunnar er aflað;
- orkulindum þjóðarinnar;
- helstu áhrifum orkuvinnslu á umhverfi;
- hvernig afhendingaröryggi er háttað;
- orkulöggjöf og reglur ESB um raforkumarkað sem Ísland hefur fullgilt;
- skipan orkuvinnslu, orkuflutnings, orkudreifingar og sölu;
- verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga;
- eignarhaldi fyrirtækja;
- skattlagningu og gjaldtöku í greininni;
- ...


Gott væri að hafa myndir sem lýsa stöðu, þróun og tækifærum í þessum kafla.

Í slíkum kafla um stöðu málaflokksins og forsendur eða sérstökum kafla væri jafnframt gagnlegt að hafa yfirlit um stöðu orkumála í heiminum almennt, hvaða drifkraftar eru að verki og greiningu á hvaða áhrif ætla má að þeir hafi hér landi. Nálágast má þessar upplýsingar hjá WEC, IEA og IHA. Eðlilegt er, eins og gert er í fyrirbyggjandi drögum, að fjalla um loftslagsmál en æskilegt er að fjallað væri meira um hvaða áhrif aðgerðir þjóða heims til að draga úr losun hafa á orkumál í heiminum, sérstaklega hér á landi. Í þeim felast bæði tækifæri og ógnir sem gott væri að fjallað yrði betur um við mótun orkustefnu. Þá þyrfti að gera grein fyrir stöðunni hjá Evrópusambandinu á sviði orku- og loftslagsmála, bæði þeim miklu breytingum sem hafa orðið á undanförunum árum og áformum sambandsins um breytingar á næstunni. Orkustefna fyrir Ísland mun þurfa að endurspeglar þær breytingar og áform ekki síst hvað varðar aðgerðir sem tengjast losun gróðurhúsalofttegunda og til að efla markað með raforku bæði innan einstakra ríkja og yfir landamæri. Þá má benda á að á heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem haldin var í Ríó de Janeiro árið 1992 var samþykkt svokölluð Dagskrá 21 (Agenda 21). Í 9. kafla Dagskrárinnar sem fjallar um verndun andrúmsloftsins eru margvísleg markmið á sviði auðlinda- og orkumála sem og leiðir til að stuðla að þróun til að nálgast þau. Dagskránni er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir ríki heims og því æskilegt að nefna helstu markmið og leiðir í skýrslunni sem lúta að stefnu í orkumálum.

15. Lokaorð

Hér að framan hafa verið sett fram allmörg sjónarmið og athugasemdir við drög að orkustefnu. Landsvirkjun er að sjálfsögðu reiðubúin til að veita frekari upplýsingar, skýra þær athugasemdir og ábendingar sem fram koma hér að framan og aðstoða nefndina ef þess verður óskað.

Virðingarfyllst



Ragna Árnadóttir
skrifstofustjóri